

REGLUGERÐ
um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu

1. gr.

Til staðgreiðsluskyldra launa, sbr. 5. gr. laga nr. 45/1985 1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, teljast, auk hvers konar endurgjalds fyrir vinnu, ökutækjastyrkir, hlunnindi, flutningspeningar, ferðapeningar, dagpeningar og aðrar starfstengdar greiðslur, aðrar en þær sem samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að halda utan staðgreiðslu.

2. gr.

Greiðslur utan staðgreiðslu.

Eftirtalдар greiðslur falla ekki undir staðgreiðslu:

- 4. Sjúkradagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins og váttryggingafélögum.
- 5. Slysadagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins og váttryggingafélögum.
- 6. Framfærslustyrkir frá sveitarfélögum.
- 7. Sjúkrabætur frá verkalýðsfélögum.
- 8.
- 9. Uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna reksturs bifreiðar, sbr. lokamálslið
- 10. Greiðslur til vistmanna á elliheimilum og stofnunum skv. 6. tölul. 51. gr. laga nr. 67/ 1971, með síðari breytingum, og 3. tölul. 26. gr. laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra.
- 11.
- 13. Verkfallsstyrkir frá verkalýðsfélögum.
- 14.

1.

Ökutækjastyrkir sem greiddir eru samkvæmt sundurliðuðum gögnum, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar.

2.

Dagpeningar, ferðapeningar og hliðstæður ferða- og dvalarkostnaður sem greiddur er í samræmi við 6. gr. reglugerðar þessarar.

3. Atvinnuleysisstryggingabætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Útfararstyrkir frá verkalýðsfélögum.

4. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launamanni í té.

12 5. Dreifbýlisstyrkir námsmanna greiddir samkvæmt lögum nr. 69/1971, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Vinningar í happdrætti, veðmál veðmáli og keppni.

15 6.

Risnufé sem greitt er launamanni samkvæmt reikningi frá þriðja aðila sem endurgreiðsla á risnukostnaði launamanns í þágu launagreiðanda. Séu framangreind skilyrði eigi uppfyllt skal reikna staðgreiðslu af greiddu risnufé.

	ári. Sama gildir um svipaðar greiðslur óskattskyldra aðila, t.d. húsfélaga, sem ekki fara fram úr 120.000 600.000 kr. samtals á ári.
+7 8.	Endurgjald sem maður skal reikna sér vegna starfs við sjálfstæða starfsemi sína ef starfsemi er svo óveruleg að reiknuð laun manns vegna slíkrar starfsemi verði eigi hærri, miðað við heilt ár, en 100.000 450.000 kr.
+8 9.	Reiknuð laun barna, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga nr. 75 90/ 1981 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
Fjárhæðir skv. 10. +6	Greiðslur höfundarlauna til Íslendinga búsettra hérlandis er fram fara samkvæmt lögum nr. 17 17. tölul. 1. mgr. þessarar greinar eru grunnfjárhæðir miðaðar við 1. desember 1987 og skulu þær breytast í samræmi við lánsjaravísitölu 73/1972, sbr. 121 5. gr. laga nr. 75 45/ 1981 1987 með síðari breytingum, er ekki fari fram úr 260.000 kr. á ári.
11.	Greiðslur til fatlaðra vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar samkv. lögum um málefni fatlaðra.
12.	Styrkir til fræðimanna, listamanna og vísindamanna sem veittir eru úr ríkissjóði, opinberum sjóðum, eða af opinberum stofnunum.
13.	Verðlaun sem veitt eru í viðurkenningarskyni.
14.	Starfsmenntunar- og vísindasjóðsstyrkir stéttarfélaganna og annarra félagasamtaka til rannsókna, þróunarstarfa, endurmenntunar og sambærilegra verkefna.
15.	Launatekjur barna hjá sama launagreiðanda að hámarki fjárhæð skv. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.
16.	Styrkir sem veittir eru úr sjúkra- og eignarskatt styrktarsjóðum stéttarfélaganna vegna alvarlegra veikinda.
17.	Styrkir sem veittir eru úr minningarsjóðum sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.
18.	Styrkir sem greiddir eru samkvæmt lögum nr. 152/2006, um ættleiðingarstyrki.

3. gr.

Ökutækjastyrkir.

Heimilt er að halda utan staðgreiðslu greiðslu launagreiðanda fyrir afnot af eigin bifreið launamanns þegar sannanlega er um að ræða endurgreiðslu á kostnaði við rekstur hennar sem til er kominn vegna aksturs tiltekinnar vegalengdar í þágu launagreiðanda, að svo miklu leyti sem slík greiðsla er undir þeim mörkum sem ríkisskattstjóri setur hverju sinni.

Heimild þessi er að öðru leyti bundin þeim skilyrðum að færð sé akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald greitt launamanni, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis. Gögn þessi skulu færð reglulega og vera aðgengileg skattýfirvöldum þegar þau óska þess, hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá launamanni.

Akstur launamanns á milli heimilis hans og venjulegs vinnustaðar fellur ekki undir skilgreiningu hér að framan. Aki launamaður hins vegar beint frá heimili sínu til annars vinnustaðar en hins venjulega að beiðni launagreiðanda getur greiðsla fyrir slík afnot ökutækis fallið undir endurgreiddan bifreiðakostnað, enda séu slík afnot af ökutæki launamanns beinlínis tengd starfi hans en ekki fólgin í því einu að komast á vinnustað.

4. gr.

Fái launamaður greiddan reksturskostnað bifreiðar fyrir akstur í þágu launagreiðanda samkvæmt framlögðum reikningum, frá launamanni sjálfum eða frá þriðja aðila, skal fara með slíkar greiðslur eins og ökutækjastyrki og telja þær til tekna við ákvörðun staðgreiðslu.

5. gr.

Af ökutækjastyrkjum, öðrum en þeim er greinir í 3. gr., ber að reikna staðgreiðslu. Hins vegar getur launamaður lagt fram með skattframtali sínu gögn um sannanlegan akstur í þágu launagreiðanda, sbr. 1. tölul. A-liðs 30. gr. laga nr. 75 90/1981 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og kemur þá sá kostnaður sem sannað er að sé í þágu launagreiðanda þ.m.t. akstursbók samkvæmt 2. mgr. 3. gr., til sönnunar því hver hafi verið akstur í þágu launagreiðanda til frádráttar við álagningu.

6. gr.

Dagpeningar, ferðapeningar og ferðakostnaður.

Heimilt er að halda utan staðgreiðslu greiðslum launagreiðanda á ferðakostnaði launamanns á vegum hans, þ.m.t. fargjöldum, sem greiddur er samkvæmt reikningi frá þriðja aðila.

Ennfremur er heimilt að halda utan staðgreiðslu dagpeningum og hliðstæðum endurgreiðslum á ferða- og dvalarkostnaði vegna launagreiðanda, enda sé fjárhæðin innan þeirra marka sem leyfist til frádráttar samkvæmt reglum ríkisskattstjóra, sbr. 1. tölul. 30. gr. laga nr. 75 90/1981 2003, með síðari breytingum.

Framangreindar heimildir eru bundnar þeim skilyrðum að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launamanni, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga eða eftir atvikum reikningar frá þriðja aðila, svo og nafn og kennitala launamanns.

7. gr.

Af öðrum greiðslum launagreiðanda vegna ferðalaga launamanns en þeim er að framan greinir ber að reikna staðgreiðslu. Hins vegar getur launamaður lagt fram með skattframtali sínu gögn um kostnað sem hann hefur sannanlega borið vegna ferða á vegum launagreiðanda, sbr. 1. tölulið A.-liðs 30. gr. laga nr. 75 90/1981 2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og kemur þá slíkur kostnaður til frádráttar við álagningu.

8. gr.

Almenn ákvæði.

Ákvæði reglugerðar þessarar breyta í engu framtals- og skattskyldu þeirra greiðslna sem reglugerðin fjallar um.

9. gr.

Ríkisskattstjóri úrskurðar um ágreining vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, öðlast gildi 1. janúar 1988.

- Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1987. -

- Jón Baldvin Hannibalsson. -

- Sigurgeir Jónsson -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.